

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur
Samkvæmt lögum nr 18/1996, um erfðabreyttar lífverur
Eva Benediktsdóttir, formaður
eben@hi.is, s. 525 4584

Alþingi
Erindi nr. P 138/2722
komudagur 3.6.2010

Minnisblað vegna fundar með umhverfisnefnd Alþingis 3. Júní 2010, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 18/1995, um erfðabreyttar lífverur. Þskj. 903-516. mál.

Eva Benediktsdóttir og Aðalsteinn Sigurgeirsson

Þörf er á sterkri faglegri nefnd í þeim málaflokki sem lítur að líftækni, erfðatækni og náttúrufræði.

Hlutverk ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur á Íslandi er þrengra heldur en hjá sambærilegum nefndum í mörgum nágrannalöndum. Samkvæmt frumvarpi sem lagt hefur verið fram er dregið úr hlutverki ráðgjafanefndarinnar þar sem fræðsluhlutverkið er tekið af, en eftir situr það hlutverk að veita umsagnir og ráðgjöf vegna mögulegra áhrifa erfðabreyttra lífvera á umhverfið.

Hætta er á að starfsemi nefnda sem hafa takmarkað hlutverk verði slitrótt og þær verði veikar. Dýrt er að búa sæmilega að mörgum nefndum sem hafa svipuð hlutverk.

Ef sameinuð væru störf nefnda sem hafa svipuð hlutverk og krefðust sömu eða svipaðrar fagþekkingar gæti orðið til styrk nefnd. Starfandi eru nú þegar nokkrar nefndir sem hafa lík hlutverk og krefjast líkrar sérþekkingar. Sem dæmi má nefna Sérfræðinganefnd um framandi lífverur og Erfðanefnd landbúnaðarins. Á næstunni er fyrirhuguð löggjöf um erfðabreytt matvæli og fóður, og mætti vísa málefnum þar að lútandi til slíkrar nefndar. Með því að sameina nefndir mætti búa betur að þeim og fá meiri samfellu í starfseminu.

Mikilvægt er að haft sé samráð við vísindasamfélagið um skipan í nefndina.

Varúðarreglan

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi um breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur er gert ráð fyrir að gefa varúðarreglunni lagalegt gildi. Mjög líklegt er að slíkt bjóði upp á erfiða stöðu lagalega, enda hefur reglan ekki verið fest í önnur lög svo við vitum, hvorki á Íslandi né annars staðar. Einnig má búast við miklum vandræðum fagaðila og stjórnsýslu við túlkun á reglunni. Við hvetjum því til að farið verði yfir það mál sérstaklega af lögfræðingum og öðrum fagaðilum. Annað mál er að sú hugsun sem að baki liggur er góð og gild.

Ef samþykkt verður að varúðarreglan verði tekin upp í lög bendum við á að mikilvægi þess að hafa óháða ráðgjafanefnd sem stendur styrkum fótum í vísindasamfélaginu, enda er alþjóðlega gert ráð fyrir því að áhættumat byggist á faglegri umfjöllun.

Eva Benediktsdóttir er dósent í örverufræði við Líf- og umhverfisvísindadeild H.Í. og hefur setið í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur síðan árið 2000, sem formaður 2003-2006 og frá 2007.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, skógerfðafræðingur og forstöðumaður Skógræktar ríkisins, hefur setið í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur frá 1998.